



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Guðný Gerður
Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrr.
gudneygerdur@minjastofnun.is

Mosfellsbær
Umhverfissvið
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

22. október 2018
MÍ201810-0014/ 6.09 / G.G.G.

Efni: Mosfellsbær - Úlfarsfell, deiliskipulag fyrir vatnsgeymi

Með bréfi dagsettu 27.9.2018 óskaði Mosfellsbær eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um lýsingu fyrir vatnsgeymi í Úlfarsfelli, dagsett 5.9.2018. Í deiliskipulagslýsingu kafla 2.1 kemur fram að ekki sé að finna fornminjar á skipulagssvæðinu.

Minjastofnun veitti umsögn um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar vegna vatnsgeymis í austurhlíðum Úlfarsfells þann 15.3.2017 og er umsögn stofnunarinnar um ofangreinda deiliskipulagslýsingu samhljóma þeirri umsögn.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við lýsingu að deiliskipulagi fyrir vatnsgeymi í Úlfarsfelli. Bent skal á ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megri úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megri fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Ólafur Melsted, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar (olafurm@mos.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.